



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 4. nóvember 2015.

Breytingar á reglugerðum

Á fundi stjórnar KSÍ 29. október 2015 var samþykkt ný útgáfa af leyfisreglugerð KSÍ og ný reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Þessar reglugerðir hafa verið birtar á heimasíðu KSÍ.

Helstu breytingar á reglugerðunum eru kynntar hér að neðan en mikilvægt er fyrir aðildarfélög KSÍ að kynna sér reglugerðirnar ítarlega.

Helstu breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga eru eftirfarandi:

- Skýrar kveðið á um úttektir byggingarfulltrúa sem staðfesti að völlum og áhorfendaaðstaða standist kröfur byggingarreglugerða.
- Nýtt ákvæði varðandi úttektir á gervigrasvöllum: Knattspyrnugras skal uppfylla FIFA** staðal þegar völlum er byggður (UEFA staðal ef um eldri völlum er að ræða), og vera með FIFA skírteini til staðfestingar og vera haldið vel við. Leggja skal fram vottorð óháðrar rannsóknarstofu eða aðila sem KSÍ viðurkennir, vegna knattspyrnugrass á leikvöllum í A, B og C flokki, sem staðfestir að grasið uppfylli FIFA** staðal. Vottorðið má ekki vera eldra en 36 mánaða miðað við 1. maí ár hvert.
- Kurl í gervigrasi skal vera af viðurkenndri gerð, ljóst að lit og án efna sem teljast skaðleg heilsu eða mengandi.
- Nýtt orðalag ákvæðis um stærðir búningsherbergja.
- Vellir í D flokki þurfa nú að uppfylla sömu ákvæði og A, B og C vellir varðandi öryggissvæði umhverfis völlum.
- Viðbót við ákvæði um viðbótaraðstöðu fyrir áhorfendur.
- Hert er á kröfum varðandi aðstöðu fatlaðra áhorfenda.
- Breytt ákvæði varðandi vökvunarbúnað og undirhitun valla.
- Ákvæðið um fljóðljós breytist og rétt fyrir þá sem huga að uppsetningu fljóðljósa að skoða það.
- Nýtt ákvæði varðandi lýsingu í knatthúsum.

Helstu breytingar eru á leyfisreglugerðinni eru eftirfarandi:

- Stig greinar um unglingsþjálfara hækkað – greinina verður nú að uppfylla til að hljóta þátttökuleyfi.
 - Skilgreiningum á hugtökum fjölgað og skýringar gerðar ítarlegri.
 - Skerpt á kröfum um lögformlega stöðu og uppbyggingu leyfisumsækjanda.
 - Skerpt á kröfum um uppgjörseiningar og ráðandi aðila leyfisumsækjanda.
 - Skerpt á kröfum um engin vanskil við knattspyrnufélög vegna félagaskipta, við starfsmenn (leikmenn, þjálfara og aðra) og við opinbera aðila/skattyfirvöld.
 - Lágmarkskröfur um innihald og bókhaldskröfur vegna undirbúnings ársreiknings og mats endurskoðenda á ársreikningi uppfærðar.
 - Skerpt á kröfum um mat á rekstrarhæfi.
 - Tilvísanir í reglur um fjárhagslega háttvísi uppfærðar í samræmi við breytingar UEFA.
 - Kröfur vegna leikmannatöflu uppfærðar (verðmæti leikmanna).
 - Skerpt á kröfum um skipan í leyfisnefndir (leyfisráð/leyfisdóm).
 - Ný grein um tengilið félags við fatlaða stuðningsmenn.
-

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef frekari upplýsinga er óskað.



Klara Bjartmarz,
framkvæmdastjóri KSÍ.